



Reglur um eftirfylgni og viðbrögð við frávikum frá fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar

1. Tilgangur

Tilgangur reglna er að tryggja ábyrgja fjármálastjórnun innan sveitarfélagsins, með reglulegu eftirliti og frávikagreiningu. Reglurnar stuðla að því að rekstur haldist innan samþykkttra fjárheimilda og að gripið sé til viðeigandi úrbóta þegar frávik koma upp. Reglurnar gilda fyrir öll svið, deildir og stofnanir sveitarfélagsins.

2. Ábyrgð

Ábyrgðarskipting er eftirfarandi:

Fjármála- og greiningarsvið:

Annast reglulegt eftirlit með fjárhagsstöðu.

Framkvæmir frávikagreiningu og upplýsir viðkomandi stjórnendur um frávik.

Metur tillögur að úrbótum og fylgir eftir innleiðingu.

Fjármálastjóri skal skýra frávik og aðgerðir í reglulegum skýrslum til bæjarstjóra og bæjarráðs.

Stjórnendur sviða, deilda og stofnana:

Fylgjast með stöðu eigin fjárheimilda og bera ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir.

Skila skýrslu til fjármálastjóra um ástæður frávika og leggja fram tillögur að úrbótum.

Tryggja að samþykktar úrbætur séu innleiddar.

3. Ferli við frávikagreiningu og eftirfylgni

Fjármála- og greiningarsvið framkvæmir reglulega samanburð á fjárhagsáætlun og raunútgjöldum. Ef frávik kemur í ljós skal fjármála- og greiningarsvið tilkynna það til stjórnanda og sviðsstjóra og óska skýringa.

Frávik undir 5%:

Viðkomandi sviðsstjóra er gert viðvart og óskað skýringa á fráviki.

Sviðsstjóri og viðkomandi stjórnandi vinna saman að úrbótum með það að markmiði að koma rekstri í rétt horf hratt og örugglega.

Frávik yfir 5%:

Viðkomandi sviðsstjóra og stjórnanda er gert viðvart og óskað skýringa á fráviki.

Sviðsstjóri og stjórnandi skulu leggja fram tímasetta úrbótaáætlun.

Sviðsstjóri og stjórnandi skulu reglubundið meta stöðuna og upplýsa fjármálastjóra um gang mála.

Náist ekki viðunandi árangur innan settra tímamarka eru sviðsstjóri og stjórnandi boðaðir á fund fjármálastjóra, og eftir atvikum bæjarstjóra, til að fara yfir mögulegar lausnir.



4. Skýrslugerð og upplýsingagjöf

Fjármálastjóri skal skýra öll frávik og aðgerðir í reglulegum skýrslum til bæjarstjóra og bæjarráðs.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt bæjarstjórnar 20. nóvember 2025

Fjarðabyggð 21. nóvember 2025


Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri